

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá,
lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um
ársreikninga og lögum um skráningu raunverulegra
eigenda (fyrirtækjaskrá).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (TBE, ÁBG, DME, GE, JFF, OH, SPÁ).

1. gr. orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna.
 6. tölul. orðist svo: Nafn, lögheimili og kennitölu stjórnar- og varamanna, prókúruhafa, framkvæmdastjóra, endurskoðenda og skoðunarmanna, félagsmanna í sameignar- og samlagsfélögum og annarra forráðamanna.
 - Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Í tilviki hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagsfélaga og útibúa erlendra hlutafélaga og einkahlutafélaga, einkvæmt evrópskt auðkenni.
- Við 2. gr.
 - Orðin „ásamt fyrirsögnum“ í inngangsmálslið falli brott.
 - Við 1. másl. 1. mgr. a-liðar bætist: (kerfisbinding).
 - Við b-lið bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Ríkisskattstjóri skal veita aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum úr fyrirtækjaskrá, sbr. 1. mgr. 8. gr., þar á meðal fylgigögnum tilkynninga til fyrirtækjaskrár og upplýsingum sem hafa verið skráðar úr þeim.
Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum skal samræmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
 - Fyrirsagnir a- og b-liðar falli brott.
- Við 1. másl. 1. mgr. 4. gr. bætist: (kerfisbinding).
- Við 5. gr.
 - Orðin „ásamt fyrirsögnum“ í inngangsmálslið falli brott.
 2. mgr. orðist svo:
Ríkisskattstjóri skal veita aðgang að persónugreinalegum upplýsingum úr hlutafélagaskrá, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, þar á meðal fylgigögnum tilkynninga til hlutafélagaskrár og upplýsingum sem hafa verið skráðar úr þeim.
 - Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum skal samræmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
 - Fyrirsögnin „Vinnsla persónuupplýsinga“ falli brott.
- Við 1. másl. 1. mgr. 7. gr. bætist: (kerfisbinding).

6. Við 8. gr.
 - a. Orðin „ásamt fyrirsögn“ í inngangsmálslið falli brott.
 - b. 2. mgr. orðist svo:

Ríkisskattstjóri skal veita aðgang að persónugreinalegum upplýsingum úr hlutafélagaskrá, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, þar á meðal fylgigögnum tilkynninga til hlutafélagaskrár og upplýsingum sem hafa verið skráðar úr þeim.
 - c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum skal samræmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
 - d. Fyrirsögnin „*Vinnsla persónuupplýsinga*“ falli brott.
7. Á undan 10. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:

 - a. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisskattstjóra er heimilt að vinna með persónuupplýsingar að því marki sem honum er það nauðsynlegt til að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum.
 - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum skal samræmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
8. Við 10. gr.
 - a. Við 1. másl. 1. mgr. bætist: (kerfisbinding).
 - b. Á undan orðunum „og útibúa“ í 3. mgr. komi: samlagsfélaga.
9. Við 12. gr.
 - a. Á eftir orðinu „félagaréttar“ í 1. efnismásl. komi: (kerfisbinding).
 - b. Orðin „og 9. mgr. 31. gr.“ í 1. mgr. falli brott.
10. Á eftir orðinu „félagaréttar“ í 1. efnismásl. 13. gr. komi: (kerfisbinding).
11. 14. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

 - a. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lögin fela einnig í sér innleiðingu á ákvæðum g-liðar 15. mgr., j-liðar 16. mgr. og 17. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/843 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka og um breytingu á tilskipunum 2009/138/EB og 2013/36/ESB, eins og tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2020 frá 30. apríl 2020.
 - b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Innleiðing*.
12. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá og fleiri lögum (samtengingarkerfi skráa).